

## Samningur um samskipti

Við undirritaðir ..... kt. 999999-9999 byggingarstjóri og .....  
kt. 999999-9999 iðnmeistari gerum með okkur eftirfarandi samning.

Iðnmeistari tekur að sér faglega og stjórnunarlega ábyrgð sem iðnmeistari mannvirkisins  
..... Byggingarleyfisumsókn nr. ....

Iðnmeistari skal halda dagbók um nauðsynlegar upplýsingar sem viðkemur verkinu. Upplýsingar um byggingarefni sem notað er í bygginguna, vottanir um efnið, hvar það er keypt og skila til byggingarstjóra. Hann skal sitja verkfundi og vera viðstaddur úttektir á eigin fagsviði sem og vera viðstaddur lokaúttekt.

Iðnmeistari skal ekki vinna aukaverk né framkvæma breytingar án skriflegs samþykkis byggingarstjóra, sitja rýnisfundi við upphaf verkþátta og tryggja uppfærslu og eftirfylgni á sínu ábyrgðarsviði.

Alla reikninga skal gefa út innan 2ja mánaða frá því að verkið var unnið.

Iðnmeistari skal framkvæma eigin úttektir (gátlista) á sínum verkþáttum og skila staðfestingu þess efnis til byggingarstjóra fyrir áfangaúttektir. Iðnmeistari samþykkir að byggingarstjóri verði, fyrir hans hönd viðstaddur eftirfarandi úttektir og sendi honum niðurstöður þeirra. Iðnmeistari mun vera viðstaddur lokaúttekt.

Iðnmeistari er ábyrgur að öll framkvæmdin sé unnin eftir samþykktum aðal- og séruppdráttum, byggingar- og verklýsingum og gildandi lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingarmál er snúa að verkþáttum iðnmeistara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.  
Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Staður \_\_\_\_\_ Dags. \_\_\_\_\_

Iðnmeistari

\_\_\_\_\_

Byggingarstjóri

\_\_\_\_\_

Vitundarvottar að réttri dagsetningu og undirskriftum aðila.

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_